



Hafnarfjarðarkaupstaður  
Hrönn Hilmarsdóttir, deildarstjóri þróunar- og  
reksturs í málefnum fatlaðs fólks  
Pósthólf 100  
222 Hafnarfjörður

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 11. júlí 2018  
Tilv.: SRN18060053/7.20

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarkaupstaðar, dags. 8. júní 2018, þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna kaupa og endurbóta á húsnæði að Suðurgötu 14 undir hæfingarstöð fyrir fatlað fólk á grundvelli d. liðar 2. gr. reglugerðar nr. 460/2018.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 19. júní sl. að taka beiðni sveitarfélagsins um kostnaðarþátttöku sjóðsins í framkvæmdinni til greina. Nemur kostnaðarþátttaka sjóðsins 25% af áætluðum heildarkostnaði að fjárhæð 90.000.000 kr., eða 22.500.000 kr., sem greitt verður úr Fasteignasjóðnum að fullu við lok framkvæmda.

Áður en til greiðlu framlagsins kemur þurfa að liggja fyrir gögn hjá sjóðnum um framkvæmdakostnað sem staðfest hafa verið af löggiltum endurskoðenda sveitarfélagsins. Jafnframt munu starfsmenn sjóðsins skoða húsnæði hæfingarstöðvarinnar við fyrsta tækifæri í samráði við starfsmenn sveitarfélagsins.

Fyrir hönd ráðherra

  
Guðni Geir Einarsson

  
Hrafnkell Hjörleifsson



Hafnarfjarðarkaupstaður  
Hrönn Hilmarsdóttir, deildarstjóri þróunar- og  
reksturs í málefnum fatlaðs fólks  
Pósthólf 100  
222 Hafnarfjörður

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 11. júlí 2018  
Tilv.: SRN18060053/7.20

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarkaupstaðar, dags. 8. júní 2018, þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sótt er um styrk annars vegar til að koma dagþjónustu fyrir geðfatlað fólk í Hafnafirði í húsnæði og hins vegar til að koma til móts við kostnað við húsnæði fyrir dagþjónustu við fatlaða nemendur á grunn- og framhaldsskólaaldri.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga tók erindið fyrir á fundi sínum 19. júní sl. Sá nefndin sér ekki fært að taka efnislega afstöðu til erindisins að svo stöddu. Er óskað frekari gagna um áðurnefndar styrkbeiðnir sem og rökstuðnings varðandi hvernig áðurnefndar styrkbeiðnir falla undir reglugerð 460/2018, þar með talið á grunni hvaða töluliðs 2. gr. reglugerðarinnar er sótt um. Þurfa frekari gögn og útskýringar að hafa borist Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eigi síðar en 17. ágúst nk. eigi erindið að vera tekið fyrir að nýju á næsta fundi nefndarinnar.

Fyrir hönd ráðherra

  
Guðni Geir Einarsson

  
Hrafnkell Hjörleifsson